



**Leikskólinn Ársalir**

**Foreldrahandbók**

Árkíl 2, eldra stig og Víðigrund 7, yngra stig 550 Sauðárkróki

Sími 455 - 6090

Heimasíða: [arsalir.skagafjordur.is](http://arsalir.skagafjordur.is)

Netfang: [arsalir@skagafjordur.is](mailto:arsalir@skagafjordur.is)





## Velkomin í Ársali

Um leið og við bjóðum barnið og ykkur velkomin í leikskólann viljum við gefa ykkur upplýsingar um ýmis atriði sem tengd eru starfsemi leikskólans og nauðsynlegt er fyrir foreldra að vita.

## Um leikskólann Ársali

Leikskólinn var opnaður 9. ágúst 2010. Ársalir er níu deilda leikskóli rekinn í tveimur húsum. Eldra stig stendur við Árkíl og þar eru 2 - 6 ára börn.

Deildirnar þar heita: **Höfði, Laut, Hlíð, Skógar, Púfa og Klettur**. Yngra stig stendur við Víðigrund og þar eru 1 - 3 ára börn og deildirnar þar heita: **Lind, Lón og Lækur**.

Einkunnarorð Ársala eru: vinátta - virðing - vellíðan.

## Námskrá

Aðalnámskrá leikskóla er sett af menntamálaráðherra með sama hætti og reglugerðir og skulu leikskólakennarar og rekstraraðilar taka mið af henni. Hún lýsir sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um allt skólastarf. Hún er stefnumótandi leiðarvísir um uppeldisstörf í leikskólum og á að mynda sveigjanlegan starfsramma. Á grundvelli þessa leiðarvísis vinnur hver leikskóli sína eigin skólanámsskrá.

Námssvið leikskóla eru áherslupættir í leikskólauppeldi.

Þau eru: Læsi og samskipti, heilbrigði og vellíðan, sjálfbærni og vísindi, sköpun og menning. Námskrá Ársala byggir á Aðalnámskrá leikskóla og skólastefnu Skagafjarðar ásamt starfsreynslu, lífsviðhorfi og faglegri þekkingu starfsfólks. Með þátttöku starfsmanna í gerð námskrárinnar styrkist grunnurinn og stuðlað er að sem bestum árangri. Námskráin er aðgengileg á heimasíðu skólans.

## Að byrja í leikskóla - aðlögun

Mikilvægt er að góð samvinna og gagnkvæmur trúnaður ríki meðal foreldra og kennara því það er forsenda þess að leikskóladvölin verði barninu árangursrík. Að byrja í leikskóla er ný reynsla fyrir barnið og foreldra þess. Allt er framandi og ókunnugt, góð aðlögun er því mjög þýðingarmikil fyrir

áframhaldandi dvöl barnsins í leikskólanum. Meðan á aðlögun stendur er mikilvægt að barnið fái að skoða sig um og kynnast hinu nýja umhverfi og að foreldrar kynnist starfinu sem þar fer fram og kennurum leikskólans. Ávallt ber að hafa í huga að það er einstaklingsbundið hve langan tíma aðlögun tekur og taka verður tillit til þess.

Á yngra stiginu þar sem börnin koma ný inn höfum við haft svokallaða **þátttökuaðlögun** sem felst í því að foreldrar eru með börnunum í tvo og hálfan dag en kveðja síðan og er þá reiknað með að aðlögun sé lokið. Þessi aðferð hefur verið sótt til Svíþjóðar, þar sem hún hefur verið reynd í nokkur ár og gefist vel. Foreldrarnir eru inni á deild með sínum börnum allan tímann (nema þegar þau sofa). Foreldrar sinna sínum börnum, skipta á þeim, gefa þeim að borða og eru til staðar. Kennarar taka að sjálfsögðu líka þátt, skipuleggja daginn, setja út verkefni (og skrá). Á fjórða degi koma börnin um morguninn, kveðja foreldra og eru svo allan daginn. Einstaka börn hafa foreldra sína fjóra daga en reynslan sýnir að þau eru fá. Hugmyndafræðin á bak við þetta nýja ferli er að öruggir foreldrar smiti eigin öryggiskennd yfir til barna sinna. Með því að foreldrar taki fullan þátt frá fyrsta degi öðlast þeir öryggi um dagskipulagið og það sem á sér stað í leikskólanum. Annar kostur er að foreldrar tengjast hver öðrum og milli þeirra skapast oft vinskapur.

Á eldra stiginu er aðlögun mismunandi á milli deilda. Á yngstu deildunum er þátttökuaðlögun og sér starfsfólk yngra stigs um að aðlaga börnin á milli stiga en þau börn sem koma beint inn á eldra stig eru aðlöguð af foreldrum sínum. Ef barn er fjarverandi um lengri tíma gæti þurft að endurtaka aðlögunina hjá

yngrri börnunum. Aðlögun barna á eldri deildunum tekur styttri tíma og fer það eftir aldri barnsins og hvernig gengur og hversu langan tíma aðlögunin tekur. Það er yfirleitt byrjað á stuttri heimsókn sem er svo smám saman lengd þar til barnið hefur aðlagast.

## Dvalartími

Leikskólinn er opinn frá 7:45 - 16:30 á eldra stigi en yngra stigið lokar klukkan 16:15. Það þurfa að lámarki 6 börn í hvoru húsi að óska eftir leikskólatíma lengur en til kl. 16:15 /16:30 til að hægt sé að hafa opið lengur. Öll pláss eru seld með hádegismat þ.e. foreldrar verða að greiða fyrir hann aukalega.

Lögð er áhersla á að börnin séu komin í leikskólann kl. 8:45 á morgnana þegar skipulagt starf hefst. Einnig biðjum við um skilning á því að hvíldar-og matmálstímar eiga að vera rólegar stundir án utanaðkomandi truflana. Á eldra stigi hefst morgunmatur kl.8:10 og ef börnin mæta ekki fyrr en eftir kl. 8:30 er litið svo á að þau séu búin að borða morgunmat heima. Á yngra stiginu hefst morgunmatur kl.8:30.

Ef sækja á barnið áður en leikskólatíma þess lýkur biðjum við um að það sé gert fyrir eða eftir hvíldarstund og matmálstíma.

Ef aðrir en foreldrar sækja börnin er af öryggisástæðum nauðsynlegt að láta kennara vita. Athugið að börnum undir 12 ára aldri (12 ára á árinu) er ekki heimilt að sækja eða koma með börnin í leikskólann. Gæta skal þess að börnin séu ekki sjálf að klifra upp hliðið og opna sjálf þegar þau koma eða eru sótt í leikskólann. Foreldrum stendur til boða að kaupa 15 eða 30 mínútur í viðbót við eiginlegan vistunartíma, 15/30 mínútur fyrir og/eða 15/30 mínútur eftir til að koma með og/eða sækja barnið í leikskólann.

## Leikskólagjöld

Leikskólagjöld eru innheimt með gíróseðli, VISA eða greiðsluþjónustu banka. Gjaldið er greitt fyrirfram og er eindagi 15. hvers mánaðar.

Foreldrum ber að virða þann dvalartíma sem samið hefur verið um. **Ef barn er sótt of seint greiða foreldrar sekt samkvæmt gjaldskrá og gildir það eftir tvö skipti sem sótt er of seint á hverju 30 daga tímabili. Gildir það líka ef komið er með barnið fyrir umsamdan vistunartíma. Ef tveir mánuðir eru ógreiddir getur komið til uppsagnar á vistun.**

Afsláttur er veittur af leikskólagjöldum ef foreldrar eru með fleiri en eitt barn í leikskóla og/eða með börn í vistun hjá dagmóður og/eða í Árvist tólmstundarskóla. Foreldrar verða sjálfir að sækja um afsláttinn og ef það eru breytingar milli vistunarúrræða þarf að sækja um afsláttinn að nýju. Það er hægt að sækja um afsláttinn á íbúagáttinni.

Einstæðir foreldrar geta sótt um að greiða sérgjald skv. gjaldskrá. Hefji einstæðir foreldrar sambúð skal greiða hærra gjald þegar sambúð hefst. Slíti foreldrar sambúð skal leggja fram vottorð frá sýslumanni og geta þá foreldrar sótt um að greiða sérgjald frá næstu mánaðarmótum eftir að vottorð berst.

Námsmenn geta sótt um að greiða sérgjald ef báðir foreldrar eru í viðurkenndu fullu lánshæfu háskólanámi, eða í fullu námi í framhaldsskóla og uppfylla kröfur um lágmarks námsframvindu hjá viðurkenndri menntastofnun. Afsláttur þessi gildir einungis á starfstíma viðkomandi námsstofnunar. Skila skal innritunaryottorði frá skóla í upphafi hvernar annar. Einnig þarf að skila vottorði um námsframvindu eða námslok í júní og janúar.

Ef annað eða báðir foreldrar hafa eingöngu tekjur af lífeyri frá Tryggingastofnun Ríkisins vegna örorku geta þeir sótt um að greiða sérgjald. Viðkomandi skal þá skila fullnægjandi gögnum þar um.

Ef barn er með fötlun samkvæmt niðurstöðu greiningar og er í umönnunarbótaflokki 1 - 3 samanber skilgreiningu Tryggingastofnunar Ríkisins geta foreldrar sótt um að greiða sérgjald.

## Uppsagnarfrestur/breytingar á dvalartíma

Uppsagnarfrestur á vistun er einn mánuður og miðast við 1. eða 15. hvers mánaðar. Tilkynna skal leikskólastjóra uppsögnina skriflega á eyðublaði sem

hægt er að nálgast í leikskólanum. Greiða skal gjald fyrir plássið út uppsagnarfrestinn, þó að barnið hafi hætt fyrr.

Óski foreldrar eftir breytingum á dvalartíma barns þarf að sækja um það á skriflegu eyðublaði fyrir 20. ef óskað er eftir að breytingin taki gildi um næstu mánaðarmót. Reynt er að koma til móts við óskir foreldra um breytingar en ekki er víst að alltaf sé hægt að verða við þeim strax. Það er meðal annars háð barnafjölda á deild á hverjum tíma, stöðugildum skólans og vinnutíma kennara.

## Fatnaður

Barnið þarf að hafa meðferðis aukaföt og þann hlífðarfatnað til útiveru sem það hugsanlega þarf að nota hverju sinni. Athugið að það eru engin aukaföt til í leikskólanum. Öll börnin hafa körfur fyrir aukaföt og hólfi með snögum í forstofum deildanna. Á mánudagsmorgnum á að tæma úr leikskólatöskunum í körfur og hólfi og taka töskurnar svo með heim aftur. Það er ekki í boði að geyma þær í leikskólanum. Hólfi og körfur þarf að yfirfara daglega og taka blautan og skítugan fatnað með heim. Á föstudögum þarf að tæma hólfin svo hægt sé að þrifa þau en ekki þarf að tæma úr körfunum. Það er góð regla að yfirfara körfurnar einu sinni til tvisvar í viku. Við mælum með tveimur til þremur aukapörum af vettlingum til skiptanna og aukapar af ullarsokkum. Nauðsynlegur fatnaður fyrir leikskóladvöl barnins er auk vettlinga og ullarsokka, þykk peysa, húfa, hálstau, pollagalli, kuldagalli, stígvél, kuldaskór, nærföt, buxur, langermabolur, stuttermabolur, sokkabuxur/gammósíur og sokkar. Yfir hávetrartímann meðan kaldast er þarf góða ullarsokka og



vettlinga. Fóðraðir pollavettlingar og fingravettlingar eru ekki nógu hlýir yfir kaldasta vetrartímann.

Foreldrar þurfa að hafa í huga að nám barnanna krefst þægilegs fatnaðar sem gott er að hreyfa sig í og gera þarf ráð fyrir að geti óhreinkast eða látið á sjá. Börnin þurfa því að vera í fötum við hæfi sem foreldrum er ekki of annt um. Þau börn sem nota bleiur koma með þær að heiman.

Klæðnaður barnanna þarf að vera í samræmi við veðurfar og greinilega merktur barninu, því að ómerktur fatnaður ratar ekki á réttan stað.

Jafnframt þarf að hafa í huga að fatnaður sem týnist á skólalóðinni ratar ekki endilega í rétta forstofu.

Í forstofum deildanna eru körfur sem yfirleitt eru troðfullar af óskilamunum og biðjum við foreldra um að kíkja í þær ef þeir sakna einhvers. Einnig minnum við á mikilvægi þess að skoða í þurrkskápana.

## Sérfræði v/óþols eða ofnæmis

Ef barn þarf að vera á sérfræði vegna óþols eða ofnæmis bendum við foreldrum á að koma með skriflega umsögn/vottorð frá sérfræðingi, hvort heldur frá lækni eða sérfræðingi í óhefðbundnum lækningum. Vottorð þarf að endurnýja að hausti í upphafi hvers skólaárs.

## Um móttöku lyfja og lyfjagjöf í leikskóla

Athygli er vakin á því að lyfjagjafir í leikskóla eru ekki leyfðar þann tíma sem barnið dvelur í leikskólanum. Þetta á þó ekki við um astmapúst.

## Skipulags-, námskeiðs- og fræðsludagur

Á hverju hausti er sameiginlegur fræðsludagur leik-, grunn- og tónlistarskóla í Skagafirði. Einnig eru teknir fjórir dagar síðar á skólaárinu sem notaðir eru til að skipuleggja og undirbúa uppeldisstarf leikskólans. Annað hvert ár er sameiginlegt haustþing allra leikskóla á Norðurlandi - Vestra og þá er tekinn einn dagur af hinum fjórum skipulagsdögum fyrir hann. Leikskólinn er lokaður þessa 5 daga og eru þeir auglýstir með góðum fyrirvara. Auk þeirra er leikskólinn lokaður í 16 klst. á ári vegna starfsmannafunda. Þeim er deilt niður í átta skipti yfir skólaárið á tímanum 14-16. Þessir dagar og starfsmannafundirnir koma fram á skóladagatali hvers árs.

## Foreldrasamstarf

Mikilvægt er að góð samvinna skapist strax í byrjun milli foreldra og kennara þar sem gagnkvæm samvinna og trúnaður þeirra á milli er forsenda þess að barninu líði vel. Daglegar upplýsingar um barnið heima og í leikskólanum eru nauðsynlegar því oft geta lítil atriði í lífi barnsins valdið breytingum á hegðun þess.

Foreldrar eru velkomnir í leikskólann til þess að taka þátt í því starfi sem þar fer fram, í samráði við starfsfólk. Foreldrum er einnig boðið á ýmsar

uppákomur í leikskólanum og gefst þeim þá tækifæri til að fylgjast með eða taka þátt starfinu með barninu.

Foreldrar **þurfa að láta kennara vita** þegar komið er með barnið í leikskólann og þegar það er sótt. Við viljum vekja athygli ykkar á því að hliðin eiga alltaf að vera læst og því biðjum við ykkur um að læsa alltaf strax á eftir ykkur þegar gengið er um þau. Það er jafnframt æskilegt að foreldrar brýni fyrir börnum sínum að opna ekki sjálf eða klifra yfir hliðið. **Þetta eru mikilvæg öryggisatriði fyrir barnið og kennara.**

Foreldrar eru boðaðir í viðtal einu sinni á ári þar sem farið er yfir proskapætti og það hvernig barnið spjarar sig í hinu daglega starfi í leikskólanum.

Foreldrarfélag er starfrækt við Ársali. Foreldrar verða sjálfkrafa félagar þegar barnið byrjar í leikskólanum og greiða þeir félagsgjald einu sinni á ári. Félagsgjaldið er notað í þágu barnanna. Ýmsar leiðir hafa verið farnar til að halda aðalfund foreldrafélagsins en lítil sem engin mæting hefur verið þannig að gripið hefur verið til þess ráðs að setja ársskýrslu og ársreikning foreldrafélagsins á heimasíðu og fésbókar-síðu leikskólans.

## Foreldraráð

Samkvæmt 11. gr. *Laga um leikskóla* er starfrækt foreldraráð og í því sitja auk leikskólastjóra a.m.k. þrír foreldrar. Kosning til foreldraráðs fer fram að hausti og auglýsir leikskólastjóri í byrjun skólaárs eftir foreldrum til þess að

sitja í foreldraráði þann veturinn. Æskilegt er að eitt foreldri sitji áfram í foreldraráði frá fyrra skólaári.

## Veikindi og innivera

Veikist barnið er æskilegt að það dvelji heima þar til það hefur verið hitalaust í 1-2 sólarhringa. Eftir veikindi er hægt að óska eftir inniveru og er foreldrum bent á að snúa sér til viðkomandi deildarstjóra. Börn eru misjöfn, sum virðast taka allar umgangspæstir sem ganga á meðan önnur virðast sleppa betur. Við reynum að koma til móts við mismunandi aðstæður barna og foreldra og leggja okkar að mörkum til að leysa úr málum á farsælan hátt fyrir alla aðila.

Þegar barn hefur verið veikt heima í einhverja daga getur verið heppilegt fyrir barnið að vera styttra úti og er þá sjálfsagt að bjóða foreldrum upp á að barnið fari síðast út og komi fyrst inn.

Ekki er boðið upp á inniveru til að fyrirbyggja veikindi t.d. ef barn er með kvef eða hósta en hraust að öðru leyti.

Skilaboð um inniveru eða styttri útiveru þurfa að koma frá foreldrum en ekki barninu. Yfirlit yfir helstu smitsjúkdóma barna og viðmið fyrir foreldra og starfsfólk leikskóla er að finna á heimasíðu leikskólans og á síðu landlæknisembættisins.

## Óveður/ófærð

Komi til þess að ekki verði hægt að opna leikskólann vegna slæms veðurs og ófærðar að morgni munum við senda út tölvupóst og tilkynningu á heimasíðu og fésbókarsíðu Ársala.

Foreldrar eru einnig beðnir um að fylgjast með tilkynningum í útvarpi (Rás 2) en fræðslustjóri sendir jafnframt tilkynningu í útvarpið um lokun leikskólans.

Auk þess eru foreldrar látnir vita með tilkynningu í tölvupósti, heimasíðu eða fésbókarsíðu ef veður og færð versnar mjög mikið á meðan leikskóladvöl barnanna stendur.

## Óhöpp og slys/tryggingar

Í barnahóp geta orðið óhöpp eða slys, í alvarlegum tilvikum er strax haft samband við foreldra og/eða farið með barnið á heilsugæsluna ef þörf er talin á því.

Purfi kennarar eða foreldrar að fara með börn á heilsugæsluna/til tannlæknis af leikskólanum greiðir leikskólinn fyrir þá læknisheimsókn. Börn í leikskólum Skagafjarðar eru slysatryggð á meðan þau dvelja í leikskólanum.

## Afmæli

Þegar barn á afmæli er því gert hátt undir höfði og við samfögnum barninu með því að krýna það afmæliskórónu og hengja upp mynd af því á töflu í

anddyri svo allir viti að það eigi afmæli. Þá mynd fær barnið með sér heim til eignar að leikskóladvöl lokinni. Það fær íslenska fánann á borðið sitt, er þjónn og velur lög í samverustund og á eldra stigi velur barnið einnig sögu í hvíldinni. Í vinastund á föstudegi er alltaf sunginn afmælissöngur fyrir afmælisbörn vikunnar.

## Þegar börn hætta í leikskólanum

Þegar börn hætta í leikskólanum er þeim heimilt að halda kveðjuveislu fyrir deildina sína í samráði við deildarstjóra og geta þau þá komið með t.d. ís, popp, snakk eða köku.

## Leikur og nám

Deildirnar hafa svipað dagskipulag og eru að hluta til saman í útiveru. Starf deildanna tekur mið af aldri barnanna. Á haustin fá foreldrar nánari upplýsingar um deildina sem barnið þeirra er á, þ.e. starf vetrarins, í hvaða hóp barnið er, kennara og fleira. Leikur og nám er m.a. frjáls leikur og hópastarf þar sem börnum er skipt í hópa. Hópstjóri fylgist vel með hverju barni, líðan þess og þroska.

### Útivera:

Útivera er mikilvægur þáttur í uppeldisstarfi leikskólans og er grófhreyfingum og frjálsum leik gert hátt undir höfði. Íslenskt veðurfar getur verið umhleyppingasamt. Þess vegna er börnum hollt að venjast

veðráttunni og því mikilvægt að hafa klæðnað sem hentar fyrir hvaða veður sem er.

Á sumrin leggjum við áherslu á útiveru og hreyfingu, farið er í gönguferðir og við kynnumst náttúrunni og umhverfinu okkar.

### **Leikur:**

Í leik virkjar barnið ímyndunarafl sitt og vinnur úr því sem það upplifir í daglegu lífi. Barnið lærir að taka tillit til og setja sig í spor annarra ásamt því að þroska samskiptahæfni sína. Í frjálsum leik tjáir barnið tilfinningar sínar og fær útrás fyrir þær. Leikurinn býður upp á tækifæri til að efla alhliða þroska barnanna s.s. málþroska, félagsþroska, siðgæðisþroska og hreyfiþroska.

### **Hvíld:**

Börnin leggja sig og hlusta á slökunartónlist, sögur eða annað í hvíldinni en á eldra stigi er hvíld frá klukkan 12:00-12:45 en á yngra stigi milli 11:30 - 13:00. Á meðan á hvíldartíma stendur er alger ró og eru börnin því ekki vakin á þeim tíma og eru foreldrar beðnir um að koma hvorki né sækja börnin meðan hvíldartími er. Lengd svefns hjá þeim börnum sem sofa er metinn í samráði við deildarstjóra.

### **Samverstund:**

Þetta er notaleg stund þar sem lesið er fyrir börnin, sungið saman og spjallað.

### **Elstu börnin:**

Á haustin er aukið við nám elstu barnanna með því að efla þau og styrkja á ýmsan hátt og undirbúa þau fyrir áframhaldandi skólagöngu. Við erum í

samstarfi við Árskóla þar sem börnin fara í heimsóknir yfir veturinn og nemendur úr Árskóla koma í heimsókn til okkar. Það starf er nánar kynnt fyrir foreldrum hverju sinni.

#### **Vinastundir:**

Á föstudögum safnast börnin saman í Vinastund á Völlum (eldra stig) klukkan 9:00 og á Strönd (yngra stig) klukkan 9:30 þar sem sungið er saman. Við þetta tækifæri spilar leikskólastjórinn undir á gítar og á eldra stigi skiptast deildirnar á að vera með einhverja skemmtilega upptöku.

## Tyllidagar

Í leikskólanum er lögð rækt við ýmsar þjóðlegar hefðir og höfum við okkar tyllidaga sem við höldum upp á. Þeir eru:

#### **Þorrablót:**

Á bóndadaginn er haldið þorrablót, börnin setja upp heimatilbúnaðar víkingakórónur og sungin eru lög tengd þorranum.

#### **Dagur leikskólans:**

Dagur leikskólans er 6.febrúar og í tilefni hans gera börn og starfsfólk sér glaðan dag með ýmsu móti.



**Öskudagur:**

Börnin mega mjög gjarnan koma í grímubúningum en öll vopn eru bönnuð. Kötturinn er sleginn úr tunnunni og börnin fá snakk frá foreldrafélaginu og svo er haldið ball.

**Fjölmenningsdagur:**

Þá gerum við hinum mismunandi þjóðernum barnanna okkar hátt undir höfði s.s. eldum mat frá þeirra löndum, búum til þjóðfána þeirra, syngjum lög á þeirra tungumálum og fleira skemmtilegt.

**Útskriftarferð:**

Elsti árgangur leikskólans fer í útskriftarferðina sína fram í Varmahlíð þar sem leikskólinn Birkilundur er heimsóttur og farið er út að borða á eftir.

**Myndlistarsýning:**

Í sæluvikunni er myndlistarsýning í Ársölum þar sem börnin sýna afrakstur vetrarins.

**17. júní:**

Síðasta virka dag fyrir 17. júní fá allir andlitsmálningu og ýmist farið í skrúðgöngu eða haldið upp á þjóðhátíðardaginn á annan hátt.

### **Lummukaffi:**

Á lummudögum er haldið lummukaffi á föstudeginum þar sem gestum og gangandi er boðið upp á steiktar lummur og borðað úti ef veður leyfir.

### **Litlu jól:**

Eru haldin rétt fyrir jól í leikskólanum. Þá er sungið og dansað í kringum jólatréð, jólasveinar koma í heimsókn og færa börnunum smá glaðning sem foreldrafélagið gefur. Í hádeginu gæðum við okkur svo á hangikjöti og tilheyrandi.

## **Yfirstjórn leikskólamála**

Málefni leikskóla Skagafjarðar heyra undir fræðslunefnd og fræðslustjóri er Herdís Sæmundardóttir.

## **Sérfræðipjónusta**

Við leikskólann starfar verkefnisstjóri námsaðlögunar. Leikskólinn hefur einnig aðgang að sérfræðipjónustu sveitarfélagsins s.s. talmeinafræðingi,

sálfræðingi, uppeldis- og sálfræðiráðgjafa og þjónustu þroskaþjálfra fjölskyldusviðs.

## SMT- styðjandi skólafærni

Í Ársölum er unnið eftir SMT. Markmið SMT- styðjandi skólafærni er að skapa gott andrúmsloft í skólum og tryggja öryggi og velferð nemenda og starfsfólks. Lögð er áhersla á að koma í veg fyrir og draga úr óæskilegri hegðun nemenda með því að kenna og þjálfra félagsfærni, gefa jákvæðri hegðun gaum með markvissum hætti og samræma viðbrögð starfsfólks gagnvart nemendum sem sýna óæskilega hegðun.

Á yngra stigi temja starfsmenn sér að nota orðalagið sem fylgir hverri reglu þannig að börnin kynnist orðalaginu og séu þá betur undirbúin þegar kemur að því að læra reglurnar á eldra stigi. Reglurnar sem notaðar eru á yngra stigi eru: *að hafa hendur og fætur hjá sér, að nota inniröddina, að ganga inni og að taka saman.* Á eldra stigi nota tvær yngstu deildirnar félagsfærnisögur til að kenna börnunum reglurnar en við innlögn reglnanna á eldri deildunum setja tveir kennarar upp spjald sem gefur til að kynna að nú verði kennd ný regla. Kennararnir kenna börnunum regluna með því að sýna hana rétt, rangt, rétt og síðan fá börnin tækifæri til að æfa sig á reglunni. Myndir af reglunum hanga upp á vegg í hæð barnanna svo þær séu sýnilegar á þeim stað sem þær gilda.

Með SMT-skólafærni erum við fyrst og fremst að nota hrósið til að ýta undir jákvæða hegðun og hefur það virkað mjög vel. Við erum jafnframt að temja okkur að segja barninu frekar hvað það á að gera í stað þess að segja barninu hvað það má ekki gera. Með SMT-skólafærni erum við einnig að samræma viðbrögð starfsmanna við óæskilegri hegðun.

Við höfum notað bros/teygjur til að gefa börnunum fyrir æskilega hegðun. Þessu söfnum við á orma eða hólka þar sem þetta er sýnilegt öllum. Þannig fá öll börnin hrós eða bros fyrir æskilega hegðun, allir eru með. Með þessu móti styrkjum við æskilega hegðun.

Börn og starfsfólk á hverri deild fyrir sig ákveða umbun sem verið er að safna fyrir t.d. popp og djús, náttfatadagur, gönguferð og margt fleira. Ef umbunin felst í einhverju sem koma þarf með að heiman er það auglýst tímanlega á viðkomandi deild.

Slagorð leikskólans er „*Flottir krakkar í Ársölum*“.

## Lífsleikni

Lífsleikni er færni til að takast á við lífið sjálft. Segja má að leikskólanámið sé í raun samfellt lífsleikninám. Lífsleikni byggist á alhliða þroska barns, færni þess til samskipta, rökrænnar tjáningar og að bera virðingu fyrir umhverfi sínu. Suma þætti sem snúa að lífsleikni er hægt að kenna börnunum með beinni kennslu eins og til dæmis að virða reglur. Aðra þætti verða börn að finna sjálf

eins og hvaða viðmið og lífsgildi þau þurfa að tileinka sér og hvernig þau eigi að lifa og starfa með þeim reglum sem þau hafa þegar lært.

Lífsleikninni er fléttað saman við daglegt starf í leikskólanum. Börnin læra fljótt inn á það að ákveðnar reglur gilda í leikskólanum og þau eru yfirleitt fljót að tileinka sér þær. Þau finna öryggi í því að vita hvar mörkin liggja og skilja smám saman af hverju reglur eru viðhafðar. Í leikskólanum er útskýrt fyrir börnunum af hverju sumt má og annað ekki. Í gegnum samskipti sín við aðra læra þau ýmsar samskiptareglur og finna að það sem þau vilja að aðrir geri þeim eiga þau að gera öðrum. Mjög mikilvægt er að börnin læri fljótt að hver og einn einstaklingur er frábær eins og hann er því það er grundvallaratriði í góðum mannlegum samskiptum.

Mikilvægt er að börnin geti haft orð á því hvernig þeim líður hverju sinni.

Eitt af viðfangsefnum leikskólans er að kenna börnunum að hafa orð á tilfinningum sínum þannig að þau læri að þekkja sinn innri mann og fái skilning á því hvernig öðrum líður.

Í Ársölum er sérstaklega unnið með lífsleikni í gegnum dygðir og má segja að það sé rauði þráðurinn í starfinu. Þegar börnin sýna dygðir, svo sem umburðarlyndi, kurteisi og hjálpssemi er þeim sérstaklega hrósað fyrir það og haft á orði hversu mikilvægt það sé að sýna slíkar dygðir. Útskýrt er fyrir börnunum hvað þessi hugtök þýða og mikilvægi þess að hafa dygðirnar að leiðarljósi í lífinu.

## Tákn með tali (TMT)

Tákn með tali er tjáningarform ætlað heyrandi fólki sem á við mál- eða talörðugleika að stríða og það er alltaf notað samhliða tali. Það byggist á samblandi af látbragði, táknum og tali. Flestir nota látbragð og náttúruleg tákni í daglegum samskiptum án þess að vera meðvitaðir um það. Þeir kinka kolli um leið og þeir segja já, hrísta höfuðið þegar þeir segja nei, vinka og segja bless o.s.frv. Við veljum að nota TMT í okkar leikskóla eins og reyndar gert er í mörgum leikskólum til að auðvelda m.a. tvítyngdum börnum að tileinka sér íslensku og gera sig skiljanleg. TMT er einnig mjög gott að nota með yngstu börnunum sem eru stutt á veg komin í máltöku. Við höfum valið að gera þetta skemmtilegt og hvert barn fær sitt tákni og er það ýmist kennarinn sem velur tákni sem passar barninu eða táknið er valið í samráði við barnið eða foreldrana. Starfsmenn eru heldur ekki undanskildir og þeir eiga líka sín tákni. Við val á tákni er gjarnan horft til einhvers í fari viðkomandi, einhverju sem einkennir hann/hana. Í Ársölum leggjum við áherslu á að nota tákni þegar við syngjum og borðþjónarnir okkar nota tákni þegar þeir segja hinum börnunum hvað er í matinn. Við notum tákni þegar við þökkum fyrir matinn, og þegar við bjóðum góðan daginn o.s.frv. Við leggjum einnig inn 4 tákni í hverjum mánuði, tákni mánaðarins, tvö ný tákni og eitt tákni til upprifjunar. Þessi tákni má finna á heimasíðu og fésbókar-síðu leikskólans.

## Hljóðasmiðja Lubba

Eitt af markmiðum í vinnu leikskólans er að ýta undir læsi allra barnanna. Mikilvægur þáttur í því er að fylgjast með og aðstoða þau við að tileinka sér máhljóðin hljóð fyrir hljóð og tengja þau saman í orð og setningar seinna meir. Tileinkun máhljóðanna er undirstaða þess að börn nái valdi á móðurmálinu að tala það, lesa og skrifa.

Börn hafa mismikla hæfni til að tileinka sér máhljóðin. Í Ársölum notum við ýmiskonar námsefni gamalt og nýtt sem unnið er og þróað af sérfræðingum. Allar deildar leikskólans nota efni sem heitir Lubbi finnur málbein og er unnið og þróað af talmeinafræðingunum Eyrúnu Gísladóttur og Þóru Másdóttur. Þetta námsefni byggir á rannsóknum um máltöku barna sem sýna að með því að vista máhljóðin á fjölbreyttan hátt gengur börnum betur að framkalla hljóðin hratt og örugglega þegar þau þurfa á þeim að halda. Í námsefninu "Lubbi finnur málbein" er unnið með samþættingu á sjón-, heyrnar- og hreyfi-/snertiskyni, þar sem hvert máhljóð á ákveðið hreyfitákn. Fjölpætt vistun máhljóðanna í minni auðveldar börnum að kalla þau fram hratt og örugglega. Þetta efni styður við börn allt frá fyrsta aldursári þegar þau eru að prófa sig áfram með hljóðamyndun og þar til þau byrja að tengja saman máhljóð og bókstafi í lestrarnámi í grunnskóla.

Með notkun efnisins er verið að ýta undir þroska allra barnanna. Þau börn sem þurfa sértæka aðstoð við tileinkun máhljóða gengur mun betur að kalla fram hljóðin með hjálp tákna og hin sem ekki þurfa sértæka aðstoð fara fljótlega að tengja saman máhljóð og tákna myndir og þannig flýta þau fyrir

sér í lestrarnámi.

## Barnavernd

**Tilkynningaskylda leikskóla þegar grunur er um vanrækslu eða misnotkun barna.**

Í 16. og 17. grein barnaverndarlaga nr. 80/ 2002 er kveðið á um tilkynningaskyldu vegna barna og ungmenna og hljóðar 17. gr. barnaverndarlaga svona: „Hverjum, sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málefnum barna og ungmenna og verður í starfa sínum var við að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, verði fyrir áreiti eða ofbeldi eða að barn stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu er skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart. Sérstaklega er leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólastjórum, kennurum, prestum, læknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, þroskaþjálfum og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf, skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna og ungmenna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að málefnum barns sé þannig komið að barnaverndarnefnd ætti að hafa afskipti af þeim. Tilkynningaskylda gengur að þessu leyti framur ákvæðum



laga um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta."

Skýr ákvæði eru í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna, um að börn þarfnist sérstakrar verndar umfram hina fullorðnu og hefur leikskólinn *Barnasáttmálann* að leiðarljósi í starfi sínu.

Ef grunur vaknar um vanrækslu á einn eða annan hátt þá ber leikskólanum skylda til að tilkynna gruninn til barnaverndarnefndar. Það er nefndarinnar að skera úr um hvort grunur er á rökum reistur. Mál eru ávallt tilkynnt í nafni leikskólans (með forgöngu leikskólastjóra) en ekki einstakra starfsmanna. Barnaverndarnefnd skoðar málið og fylgir því svo eftir.

Skoða skal vel hvaða aðilar innan leikskólans fái vitneskju um málið, best er að það séu sem allra fæstir. Þetta eru mjög viðkvæm mál og því mikilvægt að sem fæstir hafi vitneskju um þau.

Athugið að þessi mál á aldrei að reyna að leysa innan leikskólans.

### **Ágætu foreldrar**

Handbók sem þessi getur aldrei verið algjörlega tæmandi og vafalaust eru alltaf einhverjar spurningar sem vakna varðandi starfsemina. Þess vegna biðjum við ykkur um að vera ófeimin við að hafa samband ef eitthvað er óljóst. Kennarar eru hér til að vinna sem best í þágu barnanna ykkar.

Sauðárkróki 19. febrúar 2018.

Með góðri kveðju og ósk um gott samstarf.

Starfsfólk Ársala.